



## LÁNAMÁL RÍKISINS

### Fréttatilkynning

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík  
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604  
netfang: lanamal@lanamal.is  
veffang: <http://www.lanamal.is>

11. mars 2020

### UNDIRRITUN SAMNINGA Í TENGSLUM VIÐ ÚTGÁFU RÍKISVERÐBRÉFA OG VIÐSKIPTAVAKT Á EFTIRMARKAÐI

Fjármálaráðherra felur Lánamálum ríkisins hjá Seðlabanka Íslands að gera samninga í tengslum við útgáfu ríkisverðbréfa og viðskiptavakt á eftirmarkaði.

Innlendir aðilar sem hafa starfsleyfi í samræmi við 1-2. tl. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálfyrirtæki nr. 161/2002, hafa eigið fé að lágmarki að jafnvirði 10 milljónir evra (EUR) í íslenskum krónum og hafa nauðsynlegan búnað til þess að taka þátt í útboðum ríkisverðbréfa, geta óskað eftir því að gerast aðilar að samningunum.

Aðalmiðlarar hafa einir heimild til þess að leggja fram tilboð í útboðum þar sem markflokkar ríkisverðbréfa eru boðnir til kaups eða sölu. Einung fá þeir aðgang að sérstakri fyrirgreiðslu t.d. í formi endurhverfra viðskipta eða verðbréfalána með ríkisverðbréf, í samræmi við reglur og skilmála.

Aðalmiðlarar annast viðskiptavakt á markflokkum ríkisverðbréfa. Aðalmiðlurum er skylt að setja fram tiltekna lágmarksfjárhæð kaup- og sölutilboða í hvern markflok ríkisbréfa með hliðsjón af hámarksnum sem tilgreindur er í samningunum.

Frekari upplýsingar er að finna í meðfylgjandi sýnishorni af samningi í tengslum við útgáfu ríkisverðbréfa og viðskiptavakt á eftirmarkaði. Þeir aðilar sem hyggjast gerast aðalmiðlarar með ríkisverðbréf eru beðnir að mæta til undirritunar samninga **klukkan 16:00 föstudaginn 13. mars 2020** í húsakynnum Seðlabanka Íslands að Kalkofnsvegi 1.

Frekari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður hjá Lánamálum ríkisins í síma 569 9600.